

28. mars 2022

Til umsagnar 433. mál á nefndasviði Alþingis

Varðar 4. Gr frumvarpsins:

Um 4. gr. í greininni er lagt til að ráðherra skipi notendaráð. Í ráðinu verði sjö fulltrúar notenda sem skipaðir verði samkvæmt tilnefningu starfandi sjúklingasamtaka. Er notendaráði ætlað að veita forstjórum heilbrigðisstofnana og stjórn, þegar það á við, ráðgjöf og aðhald með virku samráði til að tryggja að sjónarmið notenda komi til skoðunar við ákvarðanatöku um skipulag og rekstur heilbrigðisstofnana. Fjöldi sjúklingasamtaka starfa hverju sinni og má ætla að ráðherra ákveði hverju sinni hvaða sjúklingasamtökum hann óskar eftir tilnefningu frá en gert er ráð fyrir að ætíð séu fulltrúar í notendaráði frá stærstu starfandi sjúklingasamtökunum.

Kæra velferðarnefnd,

Við viljum fulltrúa í stjórn spítalans og vonandi er þetta notendaráð ætlað til að velja fulltrúa okkar í stjórn, eða hvað?

Eigum við notendur að bíða eftir að einhverjum „höfðingjum“ detti í hug að hafa samband við okkur „almúgan“ notendur?

Hver er munurinn á því og þessu sýndarsamráði í dag? Þar sem við gerum athugasemdir við orðinn hlut.

Velferðarnefnd, ég mótmæli harðlega þessum útúrslúningi Willum og hans embættismanna á vilja notenda spítalans!

Embættismenn eru snillingar í að koma hlutum svo fyrir að allt fari í hringi og ekkert er gert. Hvernig væri að orða hlutverkið svona:

„Hlutverk notendaráðs er að velja tvo áheyrnarfulltrúa í stjórn LSH. Auk þess að vera heilbrigðisstofnunum til ráðgjafar eftir þörfum“

Má aldrei orða hluti á skiljanlegan hátt?

Ég spyr einnig:

Hvað eru stærstu sjúklingasamtökin? eru það styrktarfélagar eða bara sjúklingar. Hvað með aðstandendur sjúklinga?

Hvað eru mörg sjúklingafélög til á Íslandi? Hrein með sjúklingum eða grautur af öllu saman? Í MND á Íslandi eru 285 félagar, en á hverjum tíma eru 30 manneskjur með MND. Hvernig á að telja?

Ég tel miklu betra að ráðherra velji árlega eða annaðhvert ár fulltrúa notenda sem gefa sig fram til starfans. Sækja um stöðuna eins og aðrir stjórnarmenn?

Með vinsemd og von um að þessu sýndarmennsku samráði verði breitt í raunverulegt samráð.

Kveðja

Guðjón Sigurðsson

Formaður MND á Íslandi